

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 28. október 2019

Mál nr. S-628/2017:

Héraðssaksóknari

(*Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari*)

gegn

Eiríki Péturssyni

(*Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 10. október sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 6. nóvember 2017, á hendur „Eiríki Péturssyni, kennitala [...], [...], Reykjavík, fyrir eftirtalin brot gegn umferðarlögum og hegningarlögum að kvöldi mánudagsins 11. maí 2015 í Reykjavík.

- Umferðarlagabrot, með því að hafa ekið bifreiðinni [...] óhæfur til stjórna henni vegna áhrifa áfengis, en vínandamagn í blóði hans mældist 2,85%, með þeim afleiðingum að hann ók á umferðarljós með biðskyldumerki á gatnamótum Fjallkonuvegar og Gullinbrúar, sem við það skemmdist, og ók á brott án þess að nema staðar og tilkynna lögreglunni þegar um atburðinn.
- Fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa skömmu eftir að hann var handtekinn vegna 1. ákæruliðar, á lögreglustöðinni á Grensásvegi, hótað lögreglumönnum ofbeldi, en hann sagði við lögreglumanninn A að hann hlakkaði til að hitta hann í dimmu húsasundi og við framangreindan lögreglumann og lögreglumanninn B að hann skyldi berja þá báða.

Teljast brot samkvæmt 1. ákærulið varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr., 2. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og brot samkvæmt 2. ákærulið við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. gr. 102. gr. nefndra umferðarlaga.“

Við aðalmeðferð málsins breytti ákærði fyrri afstöðu sinni til fyrsta ákæruliðar og játaði þá sök hvað hann varðar. Ákærði krefst þess aðallega að honum verði ekki gerð sérstök refsing vegna fyrsta ákæruliðar og hann verði sýknaður af öðrum ákærulið, en til vara að honum verði ekki gerð sérstök refsing vegna hans og til þrautavara að honum verði gerð vægasta refsing er lög leyfa, og ef dæmd verður fangelsisrefsing að hún verði þá að öllu leyti skilorðsbundin. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði, og að við ákvörðun málsvarnarlauna verði tekið tillit til virðisaukaskatts.

I

Málsatvik

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning um að bifreiðinni [...] hefði að kvöldi mánudagsins 11. maí 2015 verið ekið á götuvita við Gullinbrú í Reykjavík og síðan ekið á brott. Elti tilkynnandi bifreiðina í Skeifuna þar sem ökumaður fór að Vínbúðinni en kom þar að læstum dyrum og ók aftur á brott. Lögreglumenn sáu skömmu síðar að bifreiðinni var ekið um í Skeifunni við Suðurlandsbraut. Þeir gáfu sig á tal við ökumann sem reyndist vera ákærði og segir í skýrslunni að hann hafi þá verið votur í augum og verulega sljór í talsmáta. Að beiðni lögreglu blés ákærði í S-D2 mæli og varð niðurstaðan 2,15 prómill.

Þá kemur fram í skýrslunni að ákærði hafi verið fluttur á lögreglustöð til blóðsýnatöku og hafi þegar þangað var komið farið að vera dónalegur og verið með hótanir í garð lögreglumanna. Lét ákærði þau orð falla að hann hlakkaði til að mæta skýrsluritari, A lögreglumanni, í dimmu húsasundi. Að lokinni sýnatöku, þegar ákærða var sleppt, sagði ákærði við framangreindan lögreglumann og B lögreglumann: „... djöful skal ég berja ykkur báða“. Einnig kemur fram í skýrslunni að haft hafi verið samband við tilkynnanda sem staðfesti að hafa séð þegar ákærði ók á götuvitann og að hafa fylgt bifreið hans eftir í Skeifuna. Loks kemur fram í frumskýrslu að lögreglumenn hafi skoðað bifreiðina [...] og séð að ákoma var á framstuðara.

Fyrir liggur eigin skýrsla lögreglumannsins B þar sem fram kemur að hann hafi heyrt ákærða segja að hann hlakkaði til að mæta A lögreglumanni í dimmu húsasundi og að hafa sagt við þá báða „djöful skal ég berja ykkur báða“. Taldi hann að þessar hótanir hefðu verið til þess fallnar að vekja hjá lögreglumönnum ótta um að þeir yrðu beittir

ofbeldi af ákærða í framtíðinni. Hefðu þeir enga ástæðu haft til að draga það í efa að hann myndi standa við orð sín.

Einnig liggur fyrir niðurstaða rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði þar sem fram kemur að niðurstaða rannsóknar á blóðsýni frá ákærða hafi verið 2,85 prómill.

Við rannsókn málsins var tekin skýrsla af ákærða þann 28. júní 2017. Kvaðst hann þá hvorki muna eftir að hafa verið stöðvaður af lögreglu í umrætt skipti né eftir öðru sem fram kemur í frumskýrslu lögreglu. Hann kvaðst ekki muna eftir að hafa haft í hótunum við lögreglumennina og taldi að hann hlyti að hafa farið í „blackout“. Á þessum tíma hefði hann drukkið mikið. Hvað varðar þau orð að hann hlakkaði til að mæta A lögreglumanni í húsasundi og „djöful skal ég berja ykkur báða“ sagðist ákærði ekki muna þetta. Honum þætti það sárt að hann hefði hótað fólki og hann legði það ekki í vana sinn. Ekki hefði verið ætlun hans að fylgja hótunum eftir.

Ákæra málsins var upphaflega þingfest 20. desember 2017 eftir að fyrirkall hafði verið löglega birt fyrir ákærða, en samkvæmt birtu fyrirkalli sem liggur fyrir í málsgögnum var það birt fyrir kærustu ákærða. Þar kom fram að sækti ákærði ekki þingmætti hann búast við að fjarvist hans yrði metin til jafns við það að hann viðurkenndi að hafa framið brot það sem hann væri ákærður fyrir og dómur yrði lagður á málið að honum fjarstöddum. Málið var dómtekið og dómur kveðinn upp samdægurs þar sem ákærði var dæmdur í 30 daga fangelsi skilorðsbundið í tvö ár og sviptur ökurétti í fjögur ár frá birtingu dómsins að telja. Ákærði krafðist endurupptöku málsins, með vísan til 1. mgr. 187. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, með beiðni dagsettri 9. apríl 2019, og var málið endurupptekið 8. maí 2019.

III

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið ölvaður eins og lýst er í fyrsta ákærulið. Hann kveðst hins vegar ekki hafa hótað nokkrum manni nokkurn tíma og aldrei gert nokkrum manni mein. Hann hafi verið ölvaður og fundist óþægilegt að vera með handjárn á sér. Hann hafi beðið lögreglumennina um að losa þau en þeir hafi verið leiðinlegir við hann. Sagði ákærði að það gæti vel verið að hann hefði látið falla þær hótanir sem fram koma

í ákæru en hann muni ekki eftir því. Hann kannist ekki við að hafa verið að tala um dimmt húsasund eða um að lemja lögreglumenn. Hann geti ekki mótmælt þeim gögnum sem sýna fram á að hann hafi verið ölvaður. Ákærði kvaðst ekki trúa því upp á sig að hann hafi sagt þetta og ekki kannast við að nota orð eins og að „hitta í húsasundi“. Kvaðst hann draga í efa að þetta sé rétt sem lögreglumennirnir skráðu í skýrslur sínar að hann hefði sagt. Ákærði kvaðst, eftir að atvik gerðust, hafa fengið hjartaáfall, græddur hefði verið í hann gangráður, auk þess sem hann þröbrotnaði á vinstri fæti og sé yfirleitt með tvær hækjur eða í hjólastól. Hann sé 75% öryrki. Þá hafi hann farið í afvötnun í maí og júní 2018, fulla meðferð og staðið sig vel síðan. Hann eigi tvö börn, 14 og 16 ára, sem búi hjá honum og sjái hann um að aka þeim m.a. á æfingar.

Ákærði kvaðst eiga fyrirtæki á sviði ferðapjónustu sem hann stofnaði árið 2017. Hann framfleyti sér á því að aka ferðamönnum en það eina sem hann geti unnið við sé akstur. Hann sé mjög háður bifreið og megi ekki missa ökuréttindi. Það komi sér illa fyrir hann að málið sé nú til afgreiðslu, en hann hafi haldið að það væri týnt og gleymt, og hafi honum brugðið mikið þegar dómurinn var birtur fyrir honum. Fyrirkallið hafi upphaflega verið birt fyrir þá 10 ára gömlum syni hans þegar hann var sjálfur erlendis. Það bréf hefði hann fundið undir rúmi sonar síns fyrir um ári síðan og hefði sonur hans sagt honum að maður hefði komið með bréfið og rétt honum.

Vitnið A lögreglumaður sagði að tilkynnt hefði verið um að ekið hefði verið á götuvatna í Gullinbrú og skömmu síðar að bifreiðin hefði sést í Skeifunni við Vínbúðina. Þá hafi hann og annar lögreglumaður farið að leita og fundið bifreiðina og látið ökumann blása, og kom þá í ljós að áfengismagn var yfir mörkum. Í kjölfarið var ákærði handtekinn og farið með hann á lögreglustöð í sýnatöku. Þar hefði hann allt í einu byrjað að vera með hótanir og leiðindi. Vitnið sagði að honum hefðu fundist hótanirnar óþægilegar og kvaðst aldrei vita hverju fólk taki upp á, en hann lifi ekki í ótta eftir þetta. Kvaðst hann kannast við að ákærði hefði sagt hlakka til að hitta hann í dimmu húsasundi og þau orð hefðu beinst gegn honum. Einnig kvaðst hann kannast við að ákærði hefði sagt, og þá beint orðum sínum að þeim báðum, að hann ætlaði að berja þá báða. Þetta hefði ákærði sagt fyrir utan lögreglustöðina. Vitnið kvaðst hafa kynnt sér skýrsluna sem hann ritaði vegna málsins áður en hann kom fyrir dóminn. Áður en hann gerði það hefði hann þó munað eftir hótunum, þó að hann hefði ekki munað orðalag þeirra nákvæmlega.

Vitnið B lögreglumaður sagði að þeir hefðu haft afskipti af ákærða í umrætt skipti eftir að hann ók á staur. Ákærði reyndist vera ölvaður og var færður á lögreglustöð í

sýnatöku. Þar hefði hann verið með leiðindi og hótanir og illa hefði gengið að koma honum út af lögreglustöðinni. Á einhverju tímamarki hótaði ákærði að berja þá. Einnig hafi hann talað um að finna félag hans í dimmu húsasundi. Vitnið sagði atvik hafa rifjast upp eftir að hann las yfir skýrsluna sem hann skrifaði vegna málsins en áður hafi hann þó munað eftir að hafa handtekið manninn sem var ölvaður og að hann hefði hótað þeim.

IV

Niðurstaða

Ákærði hefur skýlaust játað þá háttsemi sem honum er gefin að sök í fyrsta lið ákærunnar. Sú játning ákærða fær fulla stoð í gögnum málsins. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er þar gefin að sök og eru brot hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Hvað varðar annan ákærulið þá er ákærði þar ákærður fyrir brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa hótað lögreglumönnum sem höfðu afskipti af honum. Ákærði neitar sök og kannast ekki við að hafa hótað lögreglumönnum eins og í ákæru greinir. Lögreglan hafði afskipti af ákærða í umrætt skipti, m.a. vegna gruns um ölvunarakstur. Var tekið blóðsýni úr ákærða og var niðurstaða rannsóknar þess sú að ákærði hefði verið með 2,85 prómill alkóhóls í blóði. Af því má ráða að ákærði hafi verið töluvert ölvaður þegar atvik gerðist, en ákærði bar einnig um það í framburði sínum fyrir dómi. Þá er það í samræmi við framburð þeirra lögreglumanna sem afskipti höfðu af ákærða um ástand ákærða. Einnig kom fram hjá þeim að ákærði hefði hótað þeim með þeim orðum sem greinir í ákæru.

Ákærði telur að ekki verði byggt á framburði lögreglumanna fyrir dómi þar sem fyrir liggir að þeir hafi, áður en þeir gáfu skýrslu sína, rifjað upp það sem þeir rituðu um málið á sínum tíma og því sé í raun ekki um milliliðalaus sönnunarfærslu fyrir dómi að ræða, sbr. 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Fyrir liggur að þær skýrslur sem lögreglumennirnir rituðu um ætlaðar hótanir ákærða eru samtímagögn um atvik. Framburður þeirra fyrir dómi samræmist þeim að öllu leyti og verður það ekki talið draga úr vægi framburðar þeirra að þeir hafi að einhverju leyti rifjað málið upp með því að lesa skýrslurnar. Þá verður hvorki það né sú staðreynd að framburður þeirra við rannsókn málsins kom fram í eigin skýrslum þeirra talið vera í andstöðu við framangreint lagaákvæði. Með vísan til alls framangreinds telur dómurinn nægilega sannað, þannig að

hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi sett fram þær hótanir sem í 2. ákærulið greinir, og eru brot ákærða þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

V

Ákærði framdi þau brot sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir í maí 2015 og var ákæra vegna málsins gefin út 6. nóvember 2017. Eins og rakið er að framan gekk útvistardómur í máli hans 20. desember 2017. Frá brotum ákærða liðu um 19 mánuðir þar til dómur var kveðinn upp. Sá dómur var fyrst birtur fyrir ákærða 4. apríl 2019 og í kjölfar þess fór ákærði fram á endurupptöku málsins samkvæmt 187. gr. laga nr. 88/2008. Engin skýring er fram komin á þessum drætti. Ákærði telur að þetta og málsmeðferðin í heild sé í andstöðu við 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Einnig bendir hann á að honum yrði það sérstaklega þungbært vegna aðstæðna sinna ef honum yrði gert að sæta sviptingu ökuréttar nú.

Framangreind ákvæði varða meðferð máls hjá lögreglu, ákæruvaldi og dómstólum og varða rétt sakbornings meðan á málsmeðferð stendur. Í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 koma fram þær reglur sem gilda um birtingu fyrirkalls vegna útgáfu ákæru og verður mál ekki tekið til dóms nema fyrir liggi að birting fyrirkalls hafi farið fram í samræmi við ákvæði laganna. Reglurnar byggja á því að þeir sem eru ákærðir hafi möguleika á að grípa til varna og fylgja eftir máli sínu eins og þeir óska innan marka laganna. Framangreindar reglur um málshraða setja ríkar skyldur á þá sem koma að meðferð sakamála og verður ekki talið, í ljósi þess sem að framan er rakið og eins og atvikum er háttað í máli þessu, að dráttur á birtingu dóms verði talinn hafa sama vægi og dráttur á málsmeðferð fram til uppkvaðningar dóms þó að einnig sé litið til þess þegar metið er hvort meðferð máls hafi dregist. Mál þetta er í grundvallaratriðum einfalt þrátt fyrir að brot ákærða séu í eðli sínu alvarleg. Af málsgögnum má ráða að frá því í september 2015 og þar til í júní 2017 var að mestu hlé á rannsókn málsins. Verður því að telja að málsmeðferðartími frá því að atvik gerðust og þar til ákæra var gefin út hafi verið óhæfilega langur, en ákærða verður ekki um hann kennt. Telur dómurinn að sá dráttur sem orðið hefur á meðferð málsins sé aðfinnsluverður en hann verði ekki, eins og atvikum er háttað, talinn hafa áhrif áð niðurstöðu málsins hvað varðar refsingu ákærða eða ákvörðun um sviptingu ökuréttar.

Ákærði er fæddur árið [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 6. nóvember 2017, var honum gerð sektarrefsing vegna ölvunarakstur 13. desember 2010. Er brot ákærða nú gegn 45. gr. umferðarlaga því ítrekað. Auk þess er við ákvörðun refsingar ákærða litið til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu hennar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með vísan til 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er ákærði sviptur ökurétti í fjögur ár frá birtingu dóms þessa að telja. Frá sviptingartíma dregst svipting ökuréttar ákærða frá birtingu eldra dóms í málinu, þ.e. frá 4. apríl 2019 til 6. júní 2019 en þann dag var ökuréttarsviptingu aflétt vegna endurupptöku málsins.

Eftir úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður ákærði dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, er teljast alls hæfilega ákveðin 430.000 krónur, og hefur við ákvörðun málsvarnarlauna verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ákærði greiði 21.467 krónur í sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti ákæruvaldsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari. Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Eiríkur Pétursson, sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er sviptur ökurétti í fjögur ár frá birtingu dómsins að telja en frá sviptingartíma dregst svipting ökuréttar ákærða frá 4. apríl 2019 til 6. júní 2019.

Ákærði greiði 21.467 krónur í sakarkostnað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, sem samtals eru ákveðin 430.000 krónur, og 21.467 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir